

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 236/2020**

**frá 11. desember 2020**

**um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín <sup>(1)</sup>.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 10g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„10g. **32018 R 1212**: Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1212 frá 3. september 2018 um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín (Stjtið. ESB L 223, 4.9.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2018/1212, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 223, 4.9.2018, bls. 1.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

gildistökuðegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2020 frá 11. desember 2020 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

---

<sup>(2)</sup> Verður birt.